

Fjallalax ehf.
Silja Baldvinsdóttir / Matthew Chernin / Johnny Indergaard
Strandgötu 11
465 Bíldudalur

Reykjavík, 5.9.2023
UST202302-112/gf
08.12.02

Varðar reglubundið eftirlit í fiskeldi Fjallalax ehf. í Grímsnesi þann 5. júlí 2023

Þann 5. júlí sl. fór fram eftirlit í fiskeldi Fjallalax ehf. í Grímsnesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

1. Rekstraraðila var bent á að senda Umhverfisstofnun teikningar af frárennislögnum í jörðu.
2. Minnt er á kröfur olíureglugerðar nr. 884/2017, grein 41., um áfylliplan tengt olíuskilju þar sem áfylling á bifreiðar fer fram og um árekstrarvarnir við neyslugeyma þar sem þeir eru staðsettir í akstursleið ökutækja.
3. Rekstraraðila er bent á að í starfsleyfinu grein 3.5 er krafa um settjörn eða annan sambærilegan eða betri búnað.
4. Rekstraraðila er bent á að senda afrit af áætlun um meðhöndlun úrgangs til eftirlitsaðila.

Ekkert eldra frávík var opið þegar komið var í eftirlit.

Eitt nýtt frávík frá kröfum í starfsleyfi kom fram í eftirliti. Losun í frárennsli er yfir losunarmörkum sem sett eru í grein 3.4 í starfsleyfi.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 5. október 2023.

Virðingarfyllst,

Gottskálk Friðgeirsson

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur